

Ed.

1203. Nefndarálit

[5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Allt frá því að verkfall BSRB stóð sem hæst á síðast liðnu hausti og útvarp féll niður að mestu hefur gætt mikillar óþreyju meðal þeirra sem þá vorðu í orðum og gerðum ólöglegar útvarpsstöðvar. Á Alþingi hefur verið reynt með ýmsum ráðum að þrýsta í gegn breytingum á útvarpslögum sem fela í sér óheft „frelsi“ fyrir hvern sem er til að útvarpa. Það hefur mikið verið rætt um réttindi en minna um skyldur.

Kvennalistinn lét sínar skoðanir á útvarpsmálum í ljós nú í vetur með flutningi sérstaks frv. til útvarpslaga (198. mál Ed.) sem byggist á þeirri meginhugmynd að besta leiðin til að bregðast við nýjungum og breytingum sé að gjörbreyta skipulagi Ríkisútvarpsins — gera byltingu innan dyra — opna nýja útvarpsrás fyrir einstaklinga og félagasamtök og heimila íbúum sveitarfélaga að koma á fót staðbundnum útvarpsstöðvum þar sem meiri hluti íbúanna æskir þess. Við teljum að Ríkisútvarpið tryggi best að lýðræðisleg umræða og skoðanamyndun eigi sér stað og að ekki veiti af einhverju mótvægi við þá stóru aðila sem nánast einoka aðra fjölmiðla. Ríkisútvarpið hefur í meira en hálfa öld eflt og staðið vörð um íslenska menningu og tungu og hefur jafnframt séð um að kynna fólki það besta úr menningu annarra þjóða.

Með því að heimila þeim aðilum, sem leyfi fá til útvarps, að afla tekna með auglýsingum er hætt við að einn af meginþekjustofnum Ríkisútvarpsins skerðist verulega, sem væntanlega hefur þá í för með sér minni þjónustu. Í frv. er gert ráð fyrir að leyfishafar eigi sjálfir boðveitukerfi það sem þeir nota en það er skoðun t. d. borgaryfirvalda í Reykjavík að eðlilegast og fyrirhafnarminnst sé að Reykjavíkurborg eigi boðveitukerfið (þ. e. fyrir kapalsjónvarp) og leigi síðan út rásirnar; annað kostar uppgröft út um allan bæ eða móttökuskjái fyrir gervihnetti á hvert hús. Bæði þessi atriði gera frv. stórgallað. Þá ber að nefna að þar sem slakað hefur verið á reglum um útvarp hefur verið um tilraunir á tilteknu tímabili að ræða og það skýrt tekið fram t. d. á Norðurlöndum. Í frv. er að vísu ákvæði um endurskoðun laganna og eins verða leyfi samkv. þeim aðeins veitt til þriggja ára. Miklu eðlilegra væri að gera slíka tilraun þar sem um svo mikilvægan fjölmiðil er að ræða.

Kvennalistinn er mótfallinn þeirri meginhugsun sem felst í frv. um ný útvarpslög og óttast að óbreytt grafi þau undan Ríkisútvarpinu og verði til þess að fjársterkir aðilar fari með sigur af hólmi í frumskógi samkeppninnar sem eflaust mun fylgja í kjölfarið. Reynslan erlendis sýnir að margir eru kallaðir en fáir útvaldir. Það er „frelsi“ peninganna sem heldur velli en almenningur stendur eftir sem áður utan garðs án tækifæra til sköpunar og þátttöku í mótun fjölmiðla. Hér á landi hefur Ríkisútvarpið verið mjög „opinn“ fjölmiðill miðað við það sem annars staðar gerist og væri miður ef það breyttist til hins verra.

Að baki þeirrar hugmyndafræði, sem fætt hefur af sér þetta frv. til útvarpslaga, virðist liggja sú draumsýn að það, sem gildir í milljónaþjóðfélögum úti í hinni stóru veröld, gangi einnig hér í samfélagi sem telur 240 000 sálir. Það gefur augaleið að svo líttill markaður, sem Ísland er, getur ekki borið margar útvarpsstöðvar sem reknar verða með afnotagjöldum og auglýsingum og eiga að uppfylla skilyrði um innlenda dagskrárgerð. Þar munu hinir (fjár) sterkari lifa af og það er auðvitað meiningin.

Fregnir frá Bandaríkjunum herma að það séu hvorki kapalstöðvar né gervihnattasendingar sem fólk vill horfa á heldur það efni sem fólk velur sjálft á myndbandaleigum. Það má því spyrja hvort glýja nýrrar tækni blindi ekki augu þeirra sem þrá svo heitt að heyra stöðvar í anda útvarps DV eða að sjá sjónvarp Ísfilmbirtast á skjánum. Kannski verður framtíðin sú að hver og einn velur sjálfur á hvað hann horfir eða hlustar, óháð öllum stöðvum. Ef svo fer er eins gott að Ríkisútvarpið verði ekki horfallið og geti áfram sinnt þeirri öryggisþjónustu og fréttamiðlun sem samfélaginu er nauðsynleg og landsmenn hafa treyst á í 55 ár.

Undirrituð mun því greiða atkv. gegn frv. verði ekki á því verulegar breytingar.

Alþingi, 10. júní 1985.

Kristín Ástgeirsdóttir.